

Tillaga stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Dagsetning og staðsetning; 68. Fjórðungsþing að hausti verði haldið 6. og 7. október 2023 á norðanverðum Vestfjörðum

Efni þingsins: Umhverfi og ímynd Vestfjarða

Greinargerð:

Umhverfis- og loftslagsmál, hringrásarhagkerfið, úrgangs- og fráveitumál, eru mjög víða til umfjöllunar og mikilvægt að sveitarstjórnarmenn fái glögga mynd af því sem er efst á baugi í þessum málaflokki. Á Fjórðungsþingi verði fyrirlestrar og umræður sem gefi góða innsýn í málaflokkinn og þau mál sem sveitarfélögin þurfa að takast á við á næstu misserum og árum.

Ásýnd og ímynd svæðisins gagnvart íbúum, gestum og fjárfestum verður jafnframt til umfjöllunar.